


VERKEFNI 1 - SAGA GRAFÍSKRAR HÖNNUNAR. Nemendur eru hvattir til að velta fyrir sér víðtækum áhrifum grafískrar hönnunar í daglegu umhverfi.

Grafísk hönnun kemur við sögu í öllu okkar manngerða umhverfi. Hvert sem við lítum þá ber fyrir augu okkar afrakstur einhvers hönnuðar í formi auglýsinga, vörumerkja, umbúða og hvers kyns hluta. Eina leiðin til að komast út úr þeim heimi er að fara út í guðs græna náttúruna þar sem engin mannvirki eru sjáanleg. Og þó. Á fótum okkar, skóm, myndavélum, töskum og svo framvegis blasa við okkur vörumerki þar sem grafískir hönnuðir hafa komið við sögu. Ætli við verðum ekki að ganga kviknakin út í náttúruna til að komast undan þeim áhrifum öllum?

Hér sem ég sit við tölvuna mína blasa hvarvetna við mér verk grafískra hönnuðu: Bókstafirnir sem ég nota till að koma hugsunum mínum frá mér, leturgerðin í tölvunni, útlit forritsins sem ég er að nota til að skrifa þetta, lógóin á fartölvunni eins og Windows7, Intel og ThinkPad. Sjá myndir 1 og 2. Vel unnin verk grafískra hönnuða gera allt þetta umhverfi fýsilegra og auðskiljanlegra að vinna með. Það er ekki annað hægt en að dást að fallettri hönnun þeirra.



Mynd 1. Skjár á tölvu þar sem verið er að skrifa texta.

Þetta umhverfi tölvunnar ber vel með sér þrenns konar meginvirkni grafíkur (samanber fyrirlestur AJ, 16.jan 2016): Lógóin gefa til kynna hvers konar tæki fartölvun er og hvers konar hugbúnað hún hefur að geyma. Þessi lógó eru um leið vörumerki fyrirtækja og gefa til kynni gæði sem þessi fyrirtæki eru þekkt fyrir. Lógóin á skjáborðinu segja hvaða hugbúnaður opnast þegar smelt er á þau og efst í hverju forriti eru myndir sem segja hvaða virkni verður ræst þegar smelt er á viðkomandi myndir.

En um leið og lógóin sem eru verk grafískra hönnuðu leiðbeina varðandi notkun tækis eins og fartölvu, þá eru þau líka á vissan hátt tákn um eigandann, þau gefa til kynni smekkvísi hans, þarfir og kaupmátt á vissan hátt líka. Eigandi sem lætur sér nægja Windows 7 er örugglega ekki eins kröfuharður og nýjungagjarn og sá sem notar Windows 10. Fartölva sem skartar merki Apple er líka tákn um smekkvísi eigandans, framyfir þann sem notast við einhverja PC tölvu sem eru að auki mun ódýrari í innkaupum. Þannig stuðla verk grafískra hönnuða að því að gefa til kynna hvaða hlutir eru eftirsóknarverðir og um leið hverjir það eru sem eru öfundsverðir af að eiga slíka hluti.

Að lokum staldraði ég við þessa setningu úr áður nefndum fyrirlestri: Grafísk hönnun er tungumál, málfræði þess er er á reiki og orðaforðinn þenst stöðugt út. Já við erum öll fær í að lesa tungumál grafískrar hönnunar. Fjöldmörg lógó eru þekkt og við vitum nákvæmlega hvað þau standa fyrir. Málfræðin er þó á reiki, því hægt er að koma verkum grafískrar hönnunar á framfæri á mjög fjölbreytilegan hátt og stöðugt er verið að koma okkur á óvart með nýjum aðferðum. Orðaforðinn þenst stöðugt út, hann er á formi myndmáls, bókstafa, tölustafa, settur fram á blöðum, skiltum, skjám og svo framvegis.



Mynd 2. Fartölvu með ýmsum lógóum.

Trúlega er hægt að segja að grafískir hönnuðir séu of færir í að setja fram boðskapinn sem þeim er ætlað að kynna, ég tala nú ekki um þegar með í verkum eru sálfræðingar sem vita hvernig hægt er að hafa sem mest áhrif og textahöfundar sem kunna að orða boðskapinn. Því flest liggjum fið kylliflöt fyrir áhrifamætti grafískrar hönnunar.

Reykjavík 19.janúar 2016

Sigurlaug Kristmannsdóttir